# Bikar stóllinn

VÍS-BIKARINN Í LAUGARDALSHÖLLINNI **TINDASTÓLL** | MARS 2024

















# Fyrir góðan dag

Kaupfélag Skagfirðinga óskar liði Tindastóls góðs gengis í VÍS-bikarnum.

**Kaupfélag Skagfirðinga**

*Ártorgi 1*
*550 Sauðárkrókur*
*✆ +354 455 4500*
*www.ks.is*




**NÝ**PRENT ehf.

## DAGUR ÞÓR BALDVINSSON
FORMAÐUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDASTÓLS

# „Við erum sjötti maðurinn á vellinum"



**Kæru félagsmenn**

**Þá erum við að fara í bikarleik í Laugardalshöll. Líttu í kringum þig þar sem þú situr í stúkunni. Þetta er Tindastólsfjölskyldan þín. Troðfull stúka af kúrekum og krókódílum klæddum í vínrautt.**

Strákarnir okkar ætla að leggja allt í leik kvöldsins og við hin ætlum að leggja allt okkar í að styðja við bakið á þeim, fagna hverju stigi og hverju varnarstoppi með hávaða og látum. Við erum sjötti maðurinn á vellinum og í dag þurfa strákarnir á okkur að halda. Við stöndum saman þegar á reynir, í blíðu og stríðu, rétt eins og leikmennirnir hópumst saman til að rífa hvern annan á fætur þá hópumst við hin saman, hvetjum liðið okkar, hjálpum hvert öðru við að mynda alvöru Tindastólsstemmingu og njótum þess að horfa á skemmtilegan körfubolta. Tindastóll hefur sýnt það og sannað undanfarin ár að við eigum langbestu stuðningsmenn landsins, háværustu fagnaðarlætin og óhagganlegan baráttuanda.

**Við erum Tindastóll!**
Dagur Þór Baldvinsson
formaður kkd. Tindastóls

## STJÓRN KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDSTÓLS 2023-2024

**Dagur Þór Baldvinsson**
formaður | karfa@tindastoll.is

**Ingi Björgvin Kristjánsson**
gjaldkeri

**Freyja Rut Emilsdóttir**
ritari

**Ari Freyr Ólafsson**
meðstjórnandi

**Dagbjört Rós Hermundsdóttir**
meðstjórnandi

**Eyþór Jónasson**
meðstjórnandi

**Ágúst Kárason**
meðstjórnandi

**Einar Ólafsson**
varamaður

VERKEFNASTJÓRI KKD. TINDASTÓLS:
**Sigríður Inga Viggósdóttir**
karfa@tindastoll.is og
karfa-unglingarad@tindastoll.is

FORSVARSMAÐUR YNGRI FLOKKA:
**Hrefna Reynisdóttir**
karfa-unglingarad@tindastoll.is

**HEIMASÍÐA: tindastoll.is/korfubolti**
**FACEBOOK: Körfuknattleiksdeild Tindastóls**
**INSTAGRAM: tindastollkarfa**

VÍS-BIKARBLAÐ KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR **TINDASTÓLS** 2023-2024

**ÚTGEFANDI:** Körfuknattleiksdeild Tindastóls og Nýprent ehf.
**ÁBYRGÐARMAÐUR:** Dagur Þór Baldvinsson.
**UMSJÓN:** Sigríður Garðarsdóttir og Sigríður Inga Viggósdóttir.
**AUGLÝSINGAR:** Nýprent ehf.
**FORSÍÐUMYND OG AÐRAR MYNDIR:** Davíð Már Sigurðsson o.fl.
**UMBROT OG PRENTUN:** Nýprent ehf. *2024

stóllinn

# Áfram Tindastóll !

Skagafjörður

## VÍS BIKAR KKÍ 2024
LIÐ TINDASTÓLS KOMIÐ Í UNDANÚRSLIT

# Bikardraumurinn

**Lið Tindastóls er komið í undanúrslit. Lið Tindastóls er komið í undanúrslit VÍS bikars KKÍ 2024 og mætir Álftanesi þriðjudaginn 19. mars kl. 17:15 í Laugardalshöll.**

Tindastóll mætti 1. deildar liði ÍR í 32 liða úrslitum og vann þann leik nokkuð örugglega 64 - 94.

Næst var það úrvaldsdeildarlið Breiðabliks í 16 liða úrslitum þar vann Tindastóll nauman sigur 81 - 89.

Tindastóll sló svo út 1. deildarlið KR í 8 liða úrslitum þar sem Tindastóll vann öruggan sigur 83 - 60.

**TÍMABILIÐ 2023-2024**
**LEIKIR mfl. karla**

VÍS

| | | |
|---|---|---|
| 22. okt. kl. 19:15 | ÍR - TINDASTÓLL | 64 - 94 |
| 10. des. kl. 16:00 | BREIÐABLIK- TINDASTÓLL | 81 - 89 |
| 21. jan. kl. 18:00 | TINDASTÓLL - KR | 83 - 60 |
| 19. mars kl. 17:15 | ÁLFTANES - TINDASTÓLL | ___ ___ |
| 23. mars kl. 16:00 | ________________ | ___ ___ |

Lögmannsstofa

# Við erum Tindastóll




STEYPUSTÖÐ
SKAGAFJARÐAR

Slippurinn AKUREYRI

DNG BY SLIPPURINN AKUREYRI

# VIÐ ERUM STOLTIR STYRKTARAÐILAR TINDASTÓLS

Við bjóðum alhliða lausnir til fiskvinnslu, þar á meðal slægingu, handflökun, snyrtingu og pökkun hráefnis.



## DNG HEILFISKFLOKKARI

Slippurinn AKUREYRI

Naustatangi 2, 600 Akureyri • 460 2900 • slipp@slipp.is • www.dng.is


BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar
VELDU GÓÐA ÞJÓNUSTU
VF K43
Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér framúrskarandi þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra og vel útbúinna bíla í öllum stærðarflokkum.
VOTTUN HF.
ÍST ISO 9001
VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001
Bílaleigubílar heima og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

**SUBWAY-DEILDIN**
AÐ LOKNUM 20 UMFERÐUM

## TÍMABILIÐ 2023-2024
# LEIKIR
*meistaraflokks karla*

SUBWAY DEILDIN

| | | |
|---|---|---|
| 08. okt. kl. 19:15 | ÁLFTANES - TINDASTÓLL | 65 - 70 |
| 14. okt. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - KEFLAVÍK | 105 - 88 |
| 20. okt. kl. 19:15 | GRINDAVÍK - TINDASTÓLL | 96 - 106 |
| 27. okt. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - VALUR | 75 - 84 |
| 02. nóv. kl. 19:15 | BREIÐABLIK - TINDASTÓLL | 77 - 92 |
| 09. nóv. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - STJARNAN | 78 - 84 |
| 17. nóv. kl. 19:15 | NJARÐVÍK - TINDASTÓLL | 101 - 97 |
| 23. nóv. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - HAUKAR | 78 - 68 |
| 30. nóv. kl. 19:15 | ÞÓR Þ. - TINDASTÓLL | 96 - 79 |
| 07. des. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - HÖTTUR | 83 - 71 |
| 14. des. kl. 19:15 | HAMAR - TINDASTÓLL | 81 - 106 |
| 04. jan. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - ÁLFTANES | 68 - 80 |
| 11. jan. kl. 19:15 | KEFLAVÍK - TINDASTÓLL | 99 - 86 |
| 18. jan. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - GRINDAVÍK | 96 - 101 |
| 25. jan. kl. 19:15 | VALUR - TINDASTÓLL | 90 - 79 |
| 01. feb. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - BREIÐABLIK | 95 - 90 |
| 08. feb. kl. 19:15 | STJARNAN - TINDASTÓLL | 71 - 76 |
| 15. feb. kl. 19:15 | TINDASTÓLL - NJARÐVÍK | 68 - 69 |
| 07. mars kl. 19:15 | HAUKAR - TINDASTÓLL | 93 - 100 |
| 14. mars kl. 19:15 | TINDASTÓLL - ÞÓR Þ. | 79 - 87 |
| 28. mars kl. 19:15 | HÖTTUR - TINDASTÓLL | |
| 04. apríl kl. 19:15 | TINDASTÓLL - HAMAR | |

* Tímasetningar leikja gætu breyst vegna sjónvarpsútsendinga á Stöð2Sport

ÁGÚST INGI ÁGÚSTSSON
TINDASTÓLL Í BIKAR

# Fyrsti formlegi leikurinn

**Fyrsti formlegi leikur körfknatt-leiksliðs Tindastóls var gegn Ungmennasambandi VesturHúnavatnssýslu í bikar-keppni Körfuknattleikssambands Íslands í ágúst 1965. Var þetta í fyrsta skipti sem bikarkeppni KKÍ var haldin.**

Leikið var í íþróttahúsi Reykjaskóla í Hrútafirði þar sem leikvöllurinn var aðeins stærri en salur Barnaskólans á Sauðárkróki. Tindastóll leiddi í hálfleik 19-18, en í byrjun síðari hálfleiks hittu liðsmenn USVH hvað eftir annað úr langskotum og sigruðu 55-38. Vestur-Húnvetningar gerðu þannig út um vonir Tindastóls um frekari þátttöku í bikarkeppni KKÍ það árið. Leikmenn Tindastóls í þessum fyrsta formlega leik félagsins voru þeir Baldvin Kristjánsson, Leifur Ragnarsson, Sveinn Sigfússon, Pálmi Sighvatsson, Helgi Rafn Traustason og Sigurgeir Þórarinsson. Stigaskori var jafnt dreift milli leikmanna en Sigurgeir, Leifur og Sveinn voru stigahæstir með átta stig hver. [1]

Björn Ottósson sem flutti til Sauðárkróks árið 1966 og lék flesta leiki Tindastóls fram til ársins 1971, spilaði með USVH í þessum bikarleik gegn Tindastól, en Baddi eins og hann var yfirleitt kallaður var frá Borðeyri við Hrútafjörð.

## HEIMILDIR:

1 *HSk. Leikjayfirlit og fundargerðabók 1965-2003.*



Liðsmyndin er frá 1969.
Frá vinstri: Pálmi Sighvatsson, Óli Jón Gunnarsson, Þórarinn Guðmundsson, Sveinn Sigfússon, Kári Steindórsson, Ólafur Helgi Jóhannsson, Björn Ottósson, Gestur Þorsteinsson og Helgi Rafn Traustason.

UPP UPP OG
ÁFRAM

TINDASTÓLL

UPPSTEYPA ehf.

# LEIKMENN TINDASTÓLS
KYNNING



**6 ARNAR** BJÖRNSSON
30 ÁRA BAKVÖRÐUR > 179 SM

**7 PÉTUR RÚNAR** BIRGISSON
27 ÁRA BAKVÖRÐUR > 185 SM

**8 ORRI MÁR** SVAVARSSON
18 ÁRA FRAMHERJI > 198 SM

**9 ÞÓRIR G.** ÞORBJARNARSON
25 ÁRA FRAMHERJI > 198 SM



**21 CALLUM** LAWSON
27 ÁRA BAKVÖRÐUR > 198 SM

**24 KEYSHAWN** WOODS
28 ÁRA BAKVÖRÐUR > 191 SM

**34 RAGNAR** ÁGÚSTSSON
22 ÁRA FRAMHERJI > 196 SM

**35 HANNES INGI** MÁSSON
27 ÁRA BAKVÖRÐUR > 195 SM






**10 VEIGAR ÖRN** SVAVARSSON

18 ÁRA FRAMHERJI > 195 SM

**11 DAVIS** GEKS

32 ÁRA BAKVÖRÐUR > 192 SM

**16 ADOMAS** DRUNGILAS

33 ÁRA MIÐHERJI > 207 SM

**20 JACOB** CALLOWAY

28 ÁRA FRAMHERJI > 202 SM






**PAVEL** ERMOLINSKI

37 ÁRA ÞJÁLFARI

**SVAVAR ATLI** BIRGISSON

43 ÁRA ÞJÁLFARI

**HELGI FREYR** MARGEIRSSON

41 ÁRA AÐSTOÐARÞJÁLFARI

**ÍSAK ÓLI** TRAUSTASON

28 ÁRA STYRKTARÞJÁLFARI

# MALTBIKARMEISTARAR 2018
## TINDASTÓLL





















**BIKARSAGA**
TINDASTÓLL

# Sögugrúskarar gera ekki kröfu á stórsigur

**Undanúrslitaleikur Tindastóls og Álftanes er 12. undanúrslitaleikur Tindastóls í bikarkeppni karla frá upphafi. Fyrst komst liðið í undanúrslit tímabilið 1966-67 en svo var bið til 1993 en undanfarin 15 ár hefur liðið verið 8 sinnum í undanúrslitum og farið tvisvar í úrslit.**

Sögugrúskarar Tindastóls hafa fundið 103 bikarleiki hjá liðinu frá leiknum við Vestur Húnvetninga um árið. 34 lið hafa verið andstæðingarnir en oftast hefur það verið KR eða 10 sinnum og reyndar KR b 1 sinni.

Viðureignin við Álftanes er sú fjórða gegn drengjunum úr Forsetahöllinni, sá fyrsti var haustið 2011 og svo aftur 2019 og 2020 og hefur Tindastóll unnið alla leikina, þann fyrsta með 39 stigum, næsta með 36 og síðast með 30. Sögugrúskarar gera ekki kröfu á 30 stiga sigur, bara sigur!

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

**PÉTUR RÚNAR BIRGISSON**
FYRIRLIÐI TINDASTÓLS

# „Ná gríni upp í sófa áður en maður fer í leikinn“

**Hvernig er venjulegur dagur hjá þér?** Vakna yfirleitt 7:30 og hendi mér á skrifstofu KS þar sem ég vinn um 8 leytið. Klára vinnudaginn kl. 16:00 og eftir það tekur við smá chill og æfing yfirleitt í kringum kl. 17:30. Svo er það bara kvöldmatur og farið í háttinn um 11.
**Hvað æfi þið oft í viku?** Sem lið erum við að æfa yfirleitt 5-6 sinnum í viku og svo taka menn eitthvað auka hvort sem það er á morgnana eða fyrir eða eftir æfingar.
**Hver eru áhugamálin þín?** Fótbolti og golf.
**Í hvernig skóm spilar þú?** Ég hef verið að flakka svolítið á milli. Er ekki alveg klár á hvað þeir heita allir saman en það eru aðrir í liðinu sem eru með þá hluti á hreinu (Arnar). En ég er núna í Under Armor Currys og ætli þeir séu ekki nr. eitthvað líka.
**Ertu hjátrúarfullur?** Minna í seinni tíð, var svakalegur fyrir nokkrum árum þar sem ég varð að gera nánast allt eins. Núna læt ég duga að klæða mig í skóna inn í klefa og reima þá á bekknum.
**Hver er rútínan þín á leikdag?** Engin sérstök rútína, en yfirleitt er það bara vinna svo kannski ná einum eða tveimur þáttum af einhverju gríni upp í sófa áður en maður fer í leikinn.
**Eitthvað að lokum?** Hlakka til að sjá sem flesta í Laugardalshöllinni og áfram Tindastóll!



stefna
hugbúnaðarhús



# Áfram Tindastóll!

1238
THE BATTLE OF ICELAND

Aðalgata 21
550 Sauðárkrókur

www.1238.is
+354 588 123

@thebattleoficeland
facebook.com/1238.is
#1238thebattleoficeland

# Grána Bistro

— *Matur & Upplifun* —



Aðalgata 21, 550 Sauðárkrókur

granabistro — 588 1238

granabistro — *#granabistro*




# Við störfum í sátt við þjóðina og stefnum að sjálfbærum heimi knúnum endurnýjanlegri orku

Landsvirkjun

EXTON

Tengill ehf

STEINULL

Grettistak
VEITINGAR

nýprent

Hard Wok
CAFE

SAUÐÁ - SAUÐÁ - SAUÐÁ

VIÐ STYÐJUM
TINDASTÓL

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR

olís

Kaffi Krókur

Friðrik Jónsson EHF
Byggingaverktaki

MYNDUN
Merkingar og skiltagerð

samskip

DEPLAR
farm

Feykir

Heimilistæki

ØLVER

emmessís
Toppurinn á ísnum

FERSKLEIKI
KJÖTBANKINN
FAGMENNSKA

ÞESSI MEÐ GRÆNA TAPPANUM

# EFTR LEIK

PRÓTEIN 24 g WHEY PROTEIN




24 G PRÓTEIN OG GÓÐGERLAR

MJÓLKA

**SIGTRYGGUR ARNAR BJÖRNSSON**
LEIKMAÐUR TINDASTÓLS

# „Heimilisverkin og smá afslöppun“

**Hvernig er venjulegur dagur hjá þér?** Ég byrja daginn á að skutla Lúkasi syni mínum í leikskólann. Síðan fer ég heim og fæ mér morgunmat og fer yfir helstu fréttir og kíki aðeins í námsbækur. Fer síðan í íþróttahúsið og tek æfingu áður en ég fer í hádegismat. Næst er það heimilisverkin og smá afslöppun áður en ég sæki Lúkas í leikskólann. Þá er smá quality tími með fjölskyldunni áður en haldið er á æfingu.

**Hvað æfi þið oft í viku?** Við æfum oftast 5 sinnum í viku. Spilum einn leik og einn frídagur.

**Hver eru áhugamálin þín?** Áhugi minn liggur aðallega í íþróttum.

**Í hvernig skóm spilar þú?** Ég spilaði alltaf Harden, en núna er ég kominn í Curry.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei alls ekki.

**Hver er rútínan þín á leikdag?** Rútínan er alveg eins og á venjulegum degi, nema ég reyni að ná smá lögn fyrir leikinn.

**Eitthvað að lokum?** Hlakka til að sjá sem flesta í Laugardalshöllinni. Þurfum ykkar stuðning til að sækja þessa dollu!!!



Bodylab®
VIÐ STYÐJUM TINDASTÓL

# Fólkið á bak við tjöldin...

## ÍSAK ÓLI STYRKTARÞJÁLFARI



**Ert þú stressaður á leikdegi?** Ég er yfirleitt ekki stressaður á leikdegi, það er meira svona tilhlökkun á sjá strákana spila og takast á við liðið sem við erum að mæta.

**Hvaða leikmaður þarf mestu athygli þína?** Það er enginn einn sem þarf meiri athygli, þetta eru allt flottir íþróttamenn sem gera hlutina vel en vissulega þegar að menn lenda í meiðslum þá þarf að endurskipuleggja og reyna að koma þeim sem fyrst aftur inn á völlinn.

**Þegar þú hugsar um vinnuna þína fyrir Tindastól, hvaða 3 orð koma fyrst upp í hugann?** Spennandi, skemmtilegt og óvænt eru svona orðin sem koma upp.



## HLÍFAR ÓLI KYNNIR

**Hvernig undirbýrðu þig á leikdag?** Vakna, tek lyfin, tannbursta og græja mig, fer út á Krók hitti góða vini og á endanum fer á leikinn.

**Ert þú stressaður á leikdegi?**Já, oft.

**Þegar þú hugsar um vinnuna þína fyrir Tindastól, hvaða 3 orð koma fyrst upp í hugann?** Vinir, heimili og fjöldskylda.

## HELENA SJÚKRAÞJÁLFARI



**Hvaða leikmaður þarf mestu athygli þína?** Sá leikmaður sem er meiddur fær mestu athyglina en oftast deilist hún jafnt á alla konur og kalla

**Ert þú stressuð á leikdegi?** Já, ég er oft mjög stressuð á leikdag, stundum held ég að ég sé stressaðri en leikmenn.

**Þegar þú hugsar um vinnuna þína fyrir Tindastól, hvaða 3 orð koma fyrst upp í hugann?** Tryggð, samvinna og gleði.

KRÓKSVERK

# Páska skemmtun

## KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDASTÓLS

í íþróttahúsinu á Sauðárkróki
laugardaginn 30. mars

**KL. 11 AÐ MORGNI**

## Páskamót Molduxa

Styrktarmót kkd. Tindastóls. 12 liða mót, þrír leiki á lið og úrslitaleikur - 25.000 kr. á lið. *Skráning hjá pilli@simnet.is og stendur til 28. mars.*

**KL. 11 AÐ KVÖLDI**

## DJ Ingi Bauer
## Úlfur Úlfur
## Emmsje Gauti







- Húsið opnar kl. 22:30
- Ball frá kl. 23:00 - 02:00
- Aldurstakmark 18 ára
- Bar á staðnum
- Miðasala fer fram á stubb
- 5.000 kr í forsölu - 6.000 kr við hurð

## MÁ ÉG HEYRA!
## ÁFRAM TINDASTÓLL!

# Góða skemmtun á VÍS bikarnum

VÍS bikarvikan í Laugardalshöll er sannkölluð körfuboltaveisla og einn af hápunktum íslensks körfubolta. Stöndum saman og hvetjum okkar lið af krafti!

Sjáumst í Höllinni



FISK SEAFOOD

# Áfram Tindastóll!

## Við hvetjum Tindastól til sigurs

